

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þiggjendur fjárhagsaðstoðar fái frítt í sund**

**Porleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Í desember 2008 í aðdraganda fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009 kom ég með tillögu í borgarstjórn þess efnis að atvinnulausir fengju frítt í sund. Tilefnið var náttúrulega stóraukið atvinnuleysi. Spá fyrir árið 2009 sem að okkur fannst vera tröllaukin eða 7% atvinnuleysi sem að því miður reyndist bjartsýni það sem okkur þótti svartsýni á þeim tímum. Tillaga mín var munnleg og ég vísaði henni til aðgerðahóps borgarráðs sem þá var nýstofnaður og miklar væntingar gerðar til. Umræðan um þetta kom síðan upp í atvinnumálalópnum sem stofnaður var 20. nóvember 2008 og í skýrslu sem hópurinn sendi frá sér 16. febrúar 2009 segir, með leyfi forseta: „Starfshópurinn leggur til að athugaður verði sá kostur að bjóða atvinnulausum frítt í sund, í strætó og á bókasöfn til að tryggja samfélagslega virkni þeirra. Og jafnframt verði athugaður kostnaður við að fella niður gjaldtöku á skólamat, leikskólagjöld og frístundaheimili barna atvinnulausra.“ Tilvitnun lýkur.

Til að flækja ekki málið og láta ekki eina tillögu vinna gegn annarri er hér flutt tillaga sem fjallar aðeins um gjaldfrjálsar sundferðir atvinnulausra og þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar. Ég get þó upplýst það hér að aðgerðahópurinn um málefni barna er nú að vinna tillögur í framhaldi af ákvörðun borgarfstjórnar um að þetta ár verði tileinkað velferð barna. Þar er til umræðu að fella niður gjaldtöku á skólamat, leikskólagjöld og frístundaheimili barna atvinnulausra og þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar. Í þessu sambandi vil ég einnig geta þess að nokkur sveitarfélög þar á meðal Árborg og Reykjanesbær bjóða öllum börnum yngri en 18 ára í sund. Þetta hefur gefið góða raun og í tilfelli Árborgar hefur aðsókn barna aukist um meira en helming og þetta er talið hafa mikið forvarngildi og auka vellíðan barna. Þau segja mér það líka í Árborg að fjöldi barna dragi foreldrana með, fólk sem að flest borgar í laugina og þegar upp sé staðið sé kostnaður af þessu óverulegur. Þetta mun ég ræða í aðgerðahópi um málefni barna með tillögu í huga.

Þegar að ég kannaði stöðuna á höfuðborgarsvæðinu kom í ljós að öll sveitarfélögin utan Reykjavíkur eru að bjóða atvinnulausum í sund og yfirleitt eru þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð með. Þetta á við um Seltjarnarnes, Mosfellsbæ,

Kópavog, Hafnarfjörð og Álftanes, sem sagt hin sveitarfélögin sem talin eru tilheyra höfuðborgarsvæðinu. Og eins og ég sagði áðan þetta á líka við um sveitarfélögin hér í kring eins og til dæmis Árborg og Reykjanesbæ. Sum sveitarfélaganna bjóða þessum hópi jafnvel í líkamsrækt og mörg þeirra bjóða þeim líka á bókasöfn, sem að mínu mati er góður kostur að skoða og mun borgarfulltrúi Hermann Valsson flytja tillögu þess efnis í menningar- og ferðamálaráði á fundi eftir helgi.

En aftur að tillögunni. Atvinnumálahópurinn óskar eftir því að fá það metið hvað þetta kostaði, þ.e.a.s. bjóða atvinnulausum í sund. En það kom í ljós að það er náttúrulega ekki einfalt reikningsdæmi, það eru of mörg vafaatriði þar inni. En nú er það svo að í tíð 100 daga meirihlutans, sælla minninga, var tekin ákvörðun um það að starfsfólk borgarinnar nyti ákveðinna hlunninda og þar á meðal að fá frítt í sund. Að mínu mati var þarna um að ræða mjög góða ákvörðun og dæmi um fyrirmynda starfsmannastefnu enda hefur ekki verið hróflað við þessu af þeim tveim meirihlutum sem setið hafa síðan þá. Þetta hefur gefið ákveðna reynslu sem nota mætti til viðmiðunar þegar metinn er áætlaður kostnaður af þeirri tillögu sem hér liggur frammi.

Ekki eru til tölur um fjölda þeirra starfsmanna sem sækja sundlaugar borgarinnar en það er ekki fylgst með því hvað hver og einn kemur oft, heldur einungis skráðar heimsóknir í laugarnar af hálfu starfsmannanna. Á grundvelli þeirra, heimsóknanna, hefur íþrótt- og tómstundasvið innheimt gjald hjá fagsviðum borgarinnar. Á síðasta ári voru tekjur íþrótt- og tómstundasviða af þessum heimsóknum um 12,5 milljónir kr. en um 15,5 milljónir ef starfsmenn íþrótt- og tómstundasviðs eru reiknaðar með. Greiðsla með afslætti fyrir hverja heimsókn er kr. 225, þannig að heimsóknirnar eru nálægt 69 þús. talsins. Starfsfólkið okkar er að heimsækja sundstaði borgarinnar 69 þús. sinnum á ári.

Ef við deilum meðalfjölda starfsmanna í þetta, þeir eru ríflega 7.800 þá lætur nærri að hver starfsmaður sækir sund 10 sinnum á ári. Ef helmingur starfsmanna hefur nýtt sér hlunnindin þá hefði hver komið 17-18 sinnum á ári. Hins vegar er án efa til starfsmenn sem mæta 200 sinnum á ári í sund, þannig að hér er erfitt að áætla fjölda einstaklinga. Hugsanlega má gera með svipaðri nálgun gera ráð fyrir

að ef að allir atvinnulausir í Reykjavík, þeir eru nú tæplega 7 þús. í lok febrúar síðastliðinn, mundu sækja sundlaugarnar 10 sinnum á ári þá yrðu heimsóknirnar álfka margar og hjá borgarstarfsmönnum. Mögulega mundu atvinnulausir sækja sundlaugarnar oftara enda hafa þeir meiri tíma en eins má geta líkum að því að þeir færu í laugarnar á tímum sem álagið er minna, þ.e.a.s. á þeim tíma þegar að flestir eru í fastri vinnu.

Ef kostnaðaraukinn verður 225 kr. á hverja heimsókn þá gætum við verið að tala um 15 milljóna kr. útgjöld miðað við aðferðarfræðina sem hér að framan er getið og er bara verið að tala um atvinnulausa. En síðan ef við bætum þeim við sem eru á fjárhagsaðstoð, en þeir eru að ég held í dag um 2500, ef ég man rétt, þá eru þetta kannski 20 milljónir kr. En þarna er þá verið að miða við gjaldtöku íþrótt- og tómstundasviðs af starfsmönnum sem langt er yfir raunkostnaði. Þetta eru ekki raunkostnaðartölur 225 kr. á hverja heimsókn. Og þegar að ég fór að skoða þetta þá komst ég að því að það er full ástæða fyrir okkur í borgarráði að endurskoða þessa verðlagningu íþrótt- og tómstundasviðs á starfsfólk borgarinnar sem sækir sundlaugarnar.

Það grunnjald sem íþrótt- og tómstundasvið fær hins vegar frá velferðarsviði vegna aldraðra og öryrkja er 135 kr. eða tæpum 100 kr. lægra en tekið er vegna starfsmanna borgarinnar. En þegar upp er staðið er þetta þannig að ef frá eru taldir þeir sem greiddu áður og höfðu haldið því áfram er kostnaðarauki – raunverulegur kostnaðarauki á hverri heimsókn, kostnaður vegna baðvatns, þ.e.a.s. sturtu, baðsápu og hugsanlega meiri klórs. Þannig gæti kostnaður við það að bjóða þeim sem eru atvinnulausir og þeim sem þiggja fjárhagsaðstoð farið jafnvel undir 5 milljónir kr. á ári. En kostnaðaraukinn gæti að sjálfsögðu orðið meiri ef að aðsóknin yrði meiri. Á þessari nálgun eru sem sagt miklir fyrirvarar, en það er ljóst í mínum huga að kostnaður af þessu að bjóða atvinnulausum og fólki sem að þiggur fjárhagsaðstoð yrði óverulegur fyrir Reykjavíkurborg miðað við þau lífsgæði sem að þetta byði upp á fyrir þann hóp sem hans nyti.

Forseti, borgarfulltrúar. Íþrótt- og tómstundasvið rekur sjö sundlaugar. Í þjónustu sundlauganna birtist mjög vel sá þáttur í menningu borgarbúa sem við tengjum við heilbrigða lífshætti. Mikil fjölgun atvinnulausra og fólks á fjárhagsaðstoð hefur

kallað á aukna áætlun sem verið er að ýta úr vör þessa dagana. Að forða fólki frá þeirri deyfð og því þunglyndi sem fylgt getur aðgerðarleysinu og hjálpa því aftur inn á vinnumarkaðinn til almennrar virkni er þjóðhagslega hagkvæmt. Hvatning til sundferða getur átt stóran þátt í að auka lífsgæði atvinnulausra og þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar. Og tillagan er þá þessi:

Lagt er til að þeir íbúar borgarinnar sem eru atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt í sundstaði borgarinnar út árið 2010. Og svo endurskoðum við málið. Tilvitnun lýkur.

Af samskiptum mínum við starfsfólk íþrótt- og tómstundaráðs ræð ég það að framkvæmdir á þessu, þ.e.a.s. að atvinnulausir og þeir sem eru á fjárhagsaðstoð fengju frítt í sund er einföld og það er hægt að framkvæma hana þannig að það verði ekki til nokkurrar minnkunar fyrir þá sem að þess nytu. Það er komið rafrænt kerfi á sundstaðina og þetta fólk gæti þess vegna fengið kort á þjónustumiðstöðvum borgarinnar sem væri eins og það kort sem að starfsfólkið okkar er með í laugarnar.

En ég vil að lokum leggja til að tillögunni verði vísað til umsagnar íþrótt- og tómstundaráðs og velferðarráðs, og komi síðan eins fljótt og hægt er til endanlegrar afgreiðslu borgarráðs.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls háttvirtur borgarstjóri.

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þiggjendur fjárhagsaðstoðar fái frítt í sund**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarfulltrúanum fyrir þá tillögu sem hér er lögð fram og þá vinnu sem að hann hefur lagt í það. Eins og við mörg hver þekkjum þá var óskað á sínum tíma eftir ákveðnum upplýsingum vegna þessa inn í atvinnuhópinn sem að kom í júní á síðasta ári, þar sem að voru skoðaðar þessar hugmyndir eins og borgarfulltrúinn nefndi um að aðilar fengju frítt í sund, strætó var nefnt, bókasöfnin og svo framvegis. Eins og borgarfulltrúinn veit og þekkir jafnvel og ég þá hafa og eins og hann sagði svo skilmerkilega frá þá auðvitað er mjög svona erfitt að festa hönd á nákvæmlega fjármagnið sem að þetta mundi kosta.

Eins og tölurnar eru í dag þá eru það 2487 heimili sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og það eru 6994 sem eru á atvinnuleysissskrá þannig að þessi hópur er þetta stór að þessu sinni og tölurnar sem ég er með sem hefur verið reiknað – nokkrir útreikningar hér að það er allt frá einhverjum svona 10 milljónum og það hæsta er upp í 45 milljónir á ári. En ég held að það sé rétt eins og borgarfulltrúinn segir, ég held að í þeim tilvikum allflestum séu menn að ofreikna það hvað þetta kostar, vegna þess að menn eru að gera sér ákveðnar forsendur sem er ekki líklegt að standist. Og miðað við reynslu sveitarfélaganna sem hafa farið út í það að bjóða með einhverjum hætti upp á ókeypis í sund, þá er ekki reynslan að þetta sé notað með svona miklum hætti.

Þannig að ég held að það sé rétt hjá borgarfulltrúanum að þessar tölur sem við erum með í höndunum sem að, eins og ég segi, fara frá því að vera þetta í kringum kannski 10 milljónir eða svo – það lægsta sem ég er alla vega með hér, sem nær allt upp í umtalsvert herra, að ég held að við getum verið sammála um að það sér ofreiknað. Og það var allavega fyrirvari á því sem ég fékk frá embættismönnum borgarinnar. Þannig að ég tek undir málsmeðferð borgarfulltrúans. Ég held að það sé skynsamlegt að við fáum úr þessu skorið skýrt og afdráttarlaust, og menn séu ekki að einhvern veginn að henda á milli sín tölum í því. Og ég held að það sé líka ágætt að við fáum og ég hef reyndar fengið hérna smá minnisblað um það svona bara óformlegt að það sé – við vitum líka einhverjar hugmyndir um það hvernig er hægt að útfæra þetta, hvað væri skynsamlegt að gera í því.

Bstj. 16. mars 2010

Þannig að ég tek undir það með borgarfulltrúanum Þorleifi Gunnlaugssyni, ég held að við ættum að vísa tillögunni bæði til ÍTR og til velferðarráðs og óska eftir því að við fáum niðurstöðu í það sem allra fyrst hvað mætti ætla að þessi þjónusta mundi kosta og einnig hvernig væri farsælast að halda utan um það verkefni.

**Forseti:** Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

**3. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þiggjendur fjárhagsaðstoðar fái frítt í sund**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að orðlengja mjög mikið þessa umræðu. Ég ætlaði bara að þakka borgarfulltrúa Vinstri grænna fyrir að leggja fram þessa tillögu sem við borgarfulltrúar Samfylkingarinnar styðjum heilshugar og eins þessa málsmeðferð, að fá umsögn velferðarráðs og ÍTR og ég bara vona svo sannarlega að það náist sátt um þetta kostnaðarmat, þannig að við vitum hversu miklu við þurfum að veita úr sameiginlegum borgarsjóði í þágu þeirra tekjulægstu hér í borginni. Því þetta er ekki spurningin um hvort við kannski gerum það, heldur bara hversu mikið við þurfum að veita til verkefnisins.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Fyrir fundinum liggur málsmeðferðartillaga þess efnis að fyrirbyggjandi tillaga verði send til ÍTR og velferðarráðs til umsagnar og þaðan í borgarráð. Þeir sem að eru samþykkir þessari málsmeðferð gefi merki. Það er samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum. Þá er næst tekið fyrir 4. mál á dagskrá sem er umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavíkurborg. Til máls tekur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.